



Morgunblaðið/Eggert

Guðni Th. Jóhannesson hefur snúið sér að fræðastörfum á ný og nú eiga þorskastríðin hug hans allan.

Þarft og óþarft þorskastríð

Þriðjudaginn 15. júlí verður hálf öld liðin frá merkur tímamótum í sögu Íslendinga. Gefin var út reglugerð um 200 mílna efnahagslögsögu umhverfis Ísland og skyldi hún koma til framkvæmda tveimur mánuðum síðar.

Guðni Th. Jóhannesson
prófessor í sagnfræði

Sú varð raunin en ekki var að sökum að spyrja. Rétt eins og fyrr sættu Bretar sig ekki við aðgerðir Íslendinga og þorskastríð blossaði upp, í þriðja sinn á tæpum tveimur áratugum. Í nóvember 1975 var floti hennar hátignar sendur á miðin til þess að verja breska togara fyrir togvirklippingum varðskipsmanna. Hörð áttók hófust.

Sigurinn var að lokum okkar en vel hefði mátt koma í veg fyrir þetta síðasta þorskastríð. Sökina á því að svo fór sem fór báru Bretar að mestu leyti en þó ekki öllu. Í grófum dráttum réðu fimm meginþættir afstöðu þeirra: Þrýstingur, orðstír, íhaldssemi, fordæmi og máttur.

Varhugavert fordæmi

Þrýstingnum beittu útgerðarmenn og sjómenn í hafnarborgunum, þingmenn þeirra og fleiri. Orðstír Stóra-Bretlands þurfti líka að verja. Ríkið var flotaveldi frá fornu fari sem mætti ekki lyppast niður andspænis herlausu smáriki. Íhaldssemin fólst í því að Bretar vildu ætíð sem minnstar breytingar á þeim réttarreglum á hafinu sem voru í gildi hverju sinni. Sumarið 1974 hófst hafréttarráð-

stefna Sameinuðu þjóðanna og þar átti að ná allsherjarsátt um landhelgi, fiskveiðilögsögu og aðra skipan mála á hafi úti. Einhliða aðgerðir eins og þær sem Íslendingar stóðu fyrir þóttu þess vegna óþolandi. Ekki síst væri fordæmið varhugavert. Yrði fallist á útfærslu lögsögunnar við Ísland í 200 mílur myndu valdhafar annarra ríkja ganga á lagið. Loks bjuggu Bretar yfir þeim mætti sem ætti að duga til að verja hagsmunum þeirra. Til hvers að halda úti sjóher ef honum yrði ekki beitt þegar sótt væri að breskum þegnum á hinu frjálsa hafi?

Skriðan varð ekki stöðvuð

Svona hugsuðu breskir ráðamenn þegar þeir sendu herskip á miðin síðla árs 1975. Ríkisstjórn Verkamannaflokksins var við völd og þeir sem mestu réðu um þessa örlagaríku ákvörðun voru James Callaghan utanríkisráðherra og Roy Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra. Báðir dáðu þeir þá daga þegar Bretar réðu ríkjum á höfunum og Bretafríður ríkti, Pax Britannica eins og sagt var. Callaghan hafði verið í sjóhernum í seinni heimsstyrjöld og árið 1974 birtist bók Hattersleys um Nelson flotaforingja, sannkallað lofrit um þá þjóðhetju Breta.

Hvernig sem á það er lítið var misráðið að senda flotann á vettvang.

Bretar hefðu átt að skynja betur hinn þunga straum tímans. Þegar efnahagslögsagan var færð út í 200 mílur sumarið 1975 var um aldarfjórðungur frá því að ríki í Suður- og Mið-Amérikú tóku sér svipaða lögsögu og vörðuðu þannig brautina. Um og upp úr 1970 hættust ýmis lönd frá Afríku og Asíu í hópinn og skriðan varð ekki stöðvuð. Mótspyrna Breta, Sovétmanna og fleiri dugði ekki til.

Ísland braut ísinn

Allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar höfðu stjórnarherrar á Íslandi haft áhrif á þessa þróun hafréttar, með aðstoð embættismanna og fræðinga. Að sjálfsögðu skiptu aðgerðir hér þó ekki sköpum. Við verðum að varast þá freistingu að ýkja atbeina Íslendinga í þessum efn-um. Eftir stendur samt að í Evrópu brutum við Íslendingar ísinn og það er ekki svo lítið. En hvers vegna? Í fyrsta lagi var það sjálfsagður réttur fiskveiðiþjóðar að ráða yfir auðlindum hafsins umhverfis landið. Þar að auki þurfti að bregðast við augljósum merkjum um ofveiði. Árið 1975 gaf Hafrannsóknastofnunin út „svörtu skýrsluna“ svokölluðu um bágð ástand þorskstofnsins og ekki virtist þurfti frekara vitna við (þótt stjórn-málamenn hafi næstu ár freistast til að hunsa viðvaranir fiskifræðinga). Og svo verður að viðurkennast að staðan í stjórnmálum hér innanlands skipti einnig máli.

Lögsagan færð í 50 mílur

Þegar gengið var til kosninga á Íslandi sumarið 1971 höfðu sjálfstæðismenn hvatt til varkárni í landhelgismálinu. Það féll hins vegar ekki í kramið eins og Styrmir Gunnarsson rakti fyrir margt löngu þegar mér hlotnaðist sú upphéð, ungum sagnfræðinema, að vera kallaður til viðtals á ritstjórnarskrifstofum Morgunblaðsins. Kjósendum leist mun betur á skeleggari kröfur um útfærslu í 50 mílur sem Hannibal Valdimarsson hampaði fyrir hönd Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, nýlegra stjórnmálasamtaka sem fóru með himinskautum um skeið en fuðruðu svo upp í furðulegum eldi innan-flokksátaka og persónulegra erja eins og stundum vill verða. Lúðvík Jósepsson og félagar í Alþýðubandalaginu (forvera Vinstri grænna) voru á sama báti og flestir framsóknarmenn sömuleiðis, undir forystu Ólafs Jóhannessonar.

Ólafur varð forsætisráðherra í stjórn þessara flokka. Fiskveiðilögs-

Harður árekstur varð á milli varðskip-
ins Týs og bresku freigátunnar HMS
Andromedu 7. janúar 1976.



Skemmdir á varðskipinu Ægi eftir
að Grimsby-togarinn Lord Jellicoe
bakkaði á skipið 19. janúar 1976.

Ljósmynd/Guðjón Arngrims

sagan var færð út í 50 mílur, Bretar sendu um síðir herskip á miðin en svo var samið við þá, þrátt fyrir einarða andstöðu alþýðubandalagsmanna við þau „svik“. „Við semjum ekki við Breta, við sigrum þá“ – það voru einkunnarorð þeirra í allri sögu landhelgismálsins. Samt var nú alltaf samið.

Heitt í kolunum

Þessi stjórn hrökklaðist frá völdum vorið 1974 og í alþingiskosningum unnu sjálfstæðismenn stórsigur undir

forystu síns nýja formanns, Geir Hallgrímssonar, sem varð forsætisráðherra í stjórn þeirra og Framsóknar. Á stefnuskránni var að færa fiskveiðilögsöguna út í 200 sjómílur en sem fyrr voru Bretar þverir: „Semjum til sigurs eða berjumst til sigurs,“ sagði Geir þegar ljóst var haustið 1975 að Bretar ætluðu ekki að sætta sig við útfærsluna í 200 mílur. Aftur blossaði upp þorskastríð.

Þegar komið var fram yfir áramót höfðu harðir árekstrar orðið á miðunum og fjölmargir sjálfstæðismenn

TIL SÖLU - MÓTORSIGLARI



S/s. MARGARETHE. J. III - IS - 2864

Tegund: NAUTICAT 44 ft. Byggður í Finlandi 2006.

Nánari upplýsingar. e-mail: tr.tryggvason@gmail.com



Fiskveiðilögsagan 200 mílur:

Semjum til sigurs — eða berjumst til sigurs

segir Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra, í ávarpi til þjóðarinnar

FISKVEIÐILÖGSAGA Íslands var ferð út í 200 sjómílur á miðnætti 1.1. en þá tók gildi reglugerð sú, sem Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra undirritaði hinn 15. júlí s.l. Þar með hefur fiskveiðilögsagan stækkað úr 216 þúsund ferkílómetrum í 758 þúsund ferkílómetra.

Í ávarpi Geirs Hallgrímssonar, forsætisráðherra, til þjóðarinnar, sem birt er í heild í Morgunblaðinu í dag, segir hann m.a.: „Lífshjúg okkar er í veði og málaður okkar svo sterkur, að sigur mun vinnast með fullum yfirráðum Íslendinga yfir fiskindunum.“ Forsætisráðherra vikur einnig að huganlegum samningum við aðrar þjóðir og segir: „Við munum ekki gera neina samninga, sem ekki eru í fullu samræmi við lögumenn okkar og annaðhvort munum við semja til sigurs, eða ef það verður hlutskipti okkar berjast til sigurs.“

Í einkasamtali við Morgunblaðið, sem birt er á baksíðu blaðsins í dag segir Amerasinghe, forseti hafréttaráðs-
stefnunar, m.a.: „Fylgt við 200 mílna efnaþagslögsögu fer hraðvaxandi og hefur gert það, hvort sem var.“

Sankvæmt þeim upplýsingum sem Morgunblaðið fékk í gær kvöldi hjá Landhelgisgættinum voru 14 ríðandi skip á veðum við landið í gær. Þar af voru 50 brekkur togarar 16 vestur-þýskir, 5 færeyskir og 3 belgískir.

16 vestur-þýskir togarar voru á veðum við landið í gær og 3 voru á heimleið af Íslandinu. 7 af þessum togarum voru á Reykja-
nesfirringnum og 9 voru á veðum staf Hvabak. Allir nema einn voru fyrir utan 50 mílna mörkin og átti að stugga þessum eina út fyrir í gærkvöldi.

Belgísku togararnir voru allir þrír á veðum í höfnum milli 12 og 50 mílna markanna á Reykjanes-
brygg. 5 færeysk veiðiskip voru á

veðum undan Suðurlandi, sum mjög djúpt.

Blámaður og ljómeyndar Morgunblaðinu fóru áðan í gær í Flugferð út á togarandið staf Reykjaví. Upphaflega var ætlunin að fluga yfir miðin suð-
austan við land, þ.e. við Hvabak þar sem best brekkir og þýskir

togarar voru en skýggir var svo slæmt að það reyndist ekki unnt.

A Reykjavísbryggjum voru 11 skip á veðum, 7 vestur-þýskir togarar, 3 belgískir og einn íslenskur togar, Þormóður Guð-
Freyr var flugó yfir belgísku togaranna enda þeir nær landi í höfnum milli 12 og 50 mílna

markanna. Belgísku togararnir eru litlir skuttogarar, miklu minni en vestur-þýska drak-
arnir sem voru á veðum utan. Eftir að Morgunblaðsnef höfðu sennad aðeins yfir belgísku togararnum var haldið út að 50 mílna mörkinum. Enginn af Frakklandi á bla. 7

Í tilefni af dæfisslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur er í Morgunblaðinu í dag blaðsíða helgaður landhelgisbærðit-
unni auk þess sem í aðbláslínu birtast viðhorf sjómanna og stjórnmálamanna til dæfisslunnar. Efni blaðsins er annars
sem hér segir:

● Dagur gleði og ánægju. Viðtal við Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra	bla. 13
● Plötun og menningar við stjórnmál	14
● Sagan, þörfin og rétturinn. Útfærslur Íslensku fiskveiðilögsögunnar	15–16
● Baráttu fyrir miklu velferðarmáli. Viðtal við Hans G. Andersen, sendiherra	17
● 200 málur og 50 málur. Útfærslur	18–19
● Landhelgisgættin hlífur allt af að vera dýr	20–21
● Útfærslan 1962 og blönduðar málur í Bretlandi	22–23
● 12 málur 1958	24–25
● 50 mílna útfærslan 1972	26–29
● Ísland og Norðurlönd eftir Svend Age Malmberg	30–31–32
● Kort af hinum nýju fiskveiðilögsögu	33–35

Á forsíðu Morgunblaðsins 15. október 1975 var vitnað í orð sem forsætisráðherra lét falla þegar ljóst var að Bretar ætluðu ekki að sætta sig við útfærsluna í 200 mílur.

kröfðust þess að stjórnmálasam-
bandi yrði slitið, töluðu jafnvel um
að hóta úrsögn úr NATO. Heitt var í
kolum ein og Matthías Johannes-
sen ritstjóri skrifaði seinna í dagbók
sína: „Ég held þessi misseri hafi verið
erfiðasta tímabil ritstjórnarára minna
og er þá mikið sagt(!)“

Stjórnmálasambandi slitið

Hinn grandvari og varkári Geir
Hallgrímsson var í vanda staddur. Í
janúar 1976 hélt hann til Lundúna, fús
til að fallast á sómasamlega samn-
inga. Í ströngum viðræðum sýndist
Geir viðunandi málamiðlun liggja á
borðinu en Ólafur Jóhannesson var

á öðru máli og án stuðnings Fram-
sóknarflokksins gat Geir ekki vænst
meirihlutafylgis á Alþingi. Þar að auki
var kominn það mikill hiti í marga
sjálfstæðismenn að þeir sem töluðu
fyrir málamiðlunum eins og sóma-
maðurinn Geir Hallgrímsson fengu
lítinn hjómgrunn. Hinn 19. febrúar
1976 slitu íslensk stjórnvöld stjórn-
málasambandi við Bretland. Var það
í fyrsta og eina skipti í sögunni sem
til þess kom milli tveggja aðildarríkja
Atlantshafsbandalagsins.

Ög áfram var barist á miðunum.
Varðskipsmenn reyndu að skera á
togvíra og tókst það gjarnan en frei-
gátukapteinar einsettu sér að verja
togarana. Oft kom því til harkalegra
árekstra og stundum skemmdust her-
skipin talsvert. Skuttogarinn Baldur
sem var tekinn í þjónustu Land-
helgisgæslunnar gat til dæmis rist
rifur á síðu freigátanna með sínum
hvassa skut og satt er það sem Albert
Jónsson, síðar sendiherra, skrifaði í
fyrstu fræðilegu úttektinni á þessu
þorskastríði: „Það er athyglisvert
hvað Bretar voru óheppnir að „hitta“
svo oft þetta horn skuttogarans.“

Stríðslok

Í byrjun maí keyrði svo um þver-
bak. Einn sjóliðsföringinn ákvað í
hita leiksins að reyna að sigla með
stefni freigátu sinnar beint í síðu
Týs, í tvígang. Mesta mildi var að
manntjón hlaut ekki af. Eftir þessa
atlögu og nokkrar aðrar af svip-
uðu tagi máttu breskir ráðamenn
sjá að nóg væri komið. Þótt sigrar
gætu unnist með ofbeldi á hafi úti
yrðu þeir dýrkeyptir og stríðið var
tapað. Öllum mátti vera augljóst að
straumurinn í átt að 200 mílna efna-
hagslögsögu yrði ekki stöðvaður. Í
júní 1976 var samið við Breta um frið
á Íslandsmiðum og 1. desember það
ár lauk sókn þeirra hér við land. Öll
er þessi saga afar merk og vinn ég
nú áfram að ritun hennar. Vel er við
hæfi að minnst merkra tímamóta
og þakka ég Morgunblaðinu fyrir að
sinna því í þetta sinn.



Við sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur í tilefni sjómannadagsins

